

<b>Kennari:</b>	<b>Gígja Baldursdóttir</b>
<b>Áfangi/fag:</b>	<b>FERÐINS02</b>

## Stutt lýsing

Markmið áfangans er að efla menningarläsi, samskiptafærni og alþjóðlega meðvitund ne menda með áherslu á samfélagslega þátttöku og gagnvirkt nám í alþjóðlegu samhengi. Nemendur taka þátt í undirbúningsvinnu, heimsækja samstarfsskóla erlendis og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum með jafningjum í viðtökulandi. Að ferð lokinni miðla nemendur reynslu sinni og lærdómi til annarra.

## Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Menningu, sögu og samfélagi samstarfslandsins.
- Grunnhugtökum í alþjóðlegum samskiptum og menningarläsi.
- Hlutverki ungs fólks í samfélagslegri þátttöku á alþjóðavettvangi.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Undirbúa og flytja kynningar fyrir erlenda áhorfendur.
- Taka þátt í umræðum og samstarfi með erlendum jafningjum.
- Skipuleggja og framkvæma skapandi verkefni sem miðla íslenskri menningu.

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Beita menningarläsi og gagnrýninni hugsun í alþjóðlegum samskiptum.
- Sýna frumkvæði og ábyrgð í fjölmennningarlegum verkefnum.
- Meta og miðla eigin reynslu í alþjóðlegu samhengi.

## Undirbúningur og framkvæmd

### **Undirbúningur:**

Nemendur

læra um viðkomandi land og samfélag með áherslu á menningu, sögu og daglegt líf. Þeir t aka þátt í umræðum með erlendum gestum, sem og í hópverkefnum sem efla skilning á fjö lmenningu. Einnig útbúa þeir kynningarefni um Ísland og íslenska menningu og undirbúa námskeið eða verklegt efni sem þeir flytja erlendis.

### **Ferðin:**

Nemendahópurinn ferðast til samstarfslands þar sem hann kynnir íslenska menningu í skól um eða ungmennasetrum og tekur þátt í samstarfsverkefnum með erlendum nemendum.

Hópurinn getur einnig haldið stutt námskeið, t.d. í matargerð, listum eða handverki, eftir eðli og áherslum verkefnisins.

**Eftir heimkomu:**

Að ferð lokinni halda nemendur kynningu þar sem þeir segja frá dvölinni, menningu viðtö kulandsins og persónulegri reynslu sinni.

**Þátttaka:**

Nemendur þurfa að sækja sérstaklega um þátttöku í ferðinni.

**Námsmat**

Námsmatið byggist á fjölbreyttum aðferðum og tekur mið af hæfniviðmiðum áfangans:

- Leiðsagnarmat með reglulegri endurgjöf og sjálfsmati.
- Mat á frammistöðu í verkefnum, kynningum og samvinnu innanlands og erlendis.
- Lokaskýrsla eða kynning þar sem nemandi greinir frá reynslu sinni og lærdómi.